

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 226, 26. maí 1977,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 1 025.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 8 222.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 2 600.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gísli Einarsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 155.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 42 730.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 l/mín fyrir hverja 100 m³ húsnæðis. Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 1 650.00 á mán.
2. Fyrir mæla frá 1—2" — 2 290.00 á mán.
3. Fyrir hemla — 1 650.00 á mán.

III. Heimæðagjald.

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m³, kr. 329 170.00.

400 til 2 000 m³, kr. 329 170.00 af 400 m³ + kr. 274.00 á m³ þar yfir að 2 000 m³.
2 000 m³, kr. 767 570.00 + kr. 225.00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 47 710.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 3 300.00

V. Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Selfoss er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 72 8. febrúar 1979.

Iðnaðarráðuneytið 31. júlí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gísli Einarsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 231,
26. maí 1977, með síðari breytingum.**

5. gr. hljóði þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 37 140.00 á ári fyrir hvert hús.
- b) Vatnsgjald kr. 156.00 á ári pr. m³. Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr. hljóði þannig:

Heimæðagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 138 780.00.

Hús 300—2 000 m³ kr. 138 780.00 fyrir 300 m³ og kr. 121.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2 000 m³ kr. 343 970.00 fyrir 2 000 m³ og kr. 91.00 hvern rúmmetra þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 18 630.00.